

fagmennska í tísku

SI

3. tbl. 3. árg

Fréttauki Samtaka iðnaðarins

Júlí 2007

ÍSMÖT 2007

Íslandsmeistaramót hársnyrta, snyrtifræðinga,
gullsmiða, klæðskera og ljósmyndara

í Samtökum iðnaðarins

1. og 2. september

Upplýsingar og skráning

á www.si.is/ismot

Spennandi keppni fagfólks í þjónustuiðngreinum SI

og glæsileg sölu- og þjónustusýning helgina 1. og 2. september

ÍSMÓT 2007, Íslandsmeistaramót hársnyrta, snyrtifræðinga, gullsmíða, klæðskera og ljósmyndara innan SI, fer fram í nýju Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal helgina 1. og 2. september. Samhliða mótinu verður haldin glæsileg sýning þar sem fyrirtækjum, félögum og stofnunum er boðið að kynna vörur sínar og þjónustu. Þar verður fagfólki og almenningi boðið að fylgjast með spennandi keppni meistara, sveina og nema í þjónustuiðngreinum SI - og kynnst um leið því nýjasta og besta í hönnun og tísku og því sem máli skiptir fyrir góða heilsu og vellíðan.

Kept verður í hársnyrtingu, litun, klippingu, snyrtingu, förðun, skartgripasmíði, klæðskurði, kjólasaumi, auglýsinga- og iðnaðarljósmyndun og portrett svo að dæmi séu tekin. Dómnefndir skipa innlent og erlent fagfólk í tiltekinni iðngrein og fulltrúar sveinsprófsnefnda, skóla og atvinnulífs. Leitað verður til valinkunnra sem hafa mikla reynslu og þekkingu á sínu sviði.

Fyrirlestrar, námskeið, tíkusýningar, hátíðarkvöld

Tískuteymi-SI verða með glæsilega hönnunar- og tíkusýningu en auk þess verður boðið upp á spennandi dagskrá alla helgina með fyrirlestrum, námskeiðum og sýningum. Í lok sýningar verða úrslit kynnt og verðlaun veitt sunnudagskvöldið 2. september á glæsilegu hátíðarkvöldi í Höllinni.

Sölusýning - Þúsundir gesta væntanlegir

Samhliða keppninni verður haldin sölu- og þjónustusýning þar sem fyrirtækjum, félögum og stofnunum gefst kostur á að



Dómarar fylgjast með keppendum og dómnefndir verða að störfum báða sýningardagana. Alla helgina verður atkvæðagreiðsla á Netinu þar sem sýningargestum, fagfólki og öðrum landsmönnum gefst færi á að gefa keppendum einkunn. Úrslit í öllum keppnisgreinum verða kynnt á glæsilegu hátíðarkvöldi ÍSMÓT 2007 þar sem fagfólk, keppendur og sýnendur koma saman sunnudagskvöldið 2. september. Allar keppnir og sviðssýningar á vegum ÍSMÓT verða myndaðar af fagljósmyndurum og þær birtar opinberlega.

kynna fagfólki og almenningi það nýjasta og besta á þessu sviði. ÍSMÓT 2007 verður vel auglýst og ekki er fyrirhugað að innheimta aðgangseyri. Af þeim sökum má búast við töluverðri aðsókn báða dagana - aðsókn sem hlaupið gæti á tugum þúsunda!

Hafðu samband - Taktu þátt í viðburðinum

Væntanlegum keppendum, sýnendum og

öðrum áhugasómum er bent á að hafa samband við tiltekna tengiliði varðandi nánari upplýsingar um mótshaldið, sýninguna og tengda viðburði.

Sjá nánar um einstaka viðburði, sýningar, fyrirlestra og hátíðarkvöld á vefsvæði mótsins www.si.is/ismot.



Mótshaldarar: Samtök iðnaðarins, Meistarafélag í hárgreiðslu, Félag íslenskra snyrtifræðinga, Klæðskera- og kjólameistarafélagið, Félag íslenskra gullsmíða og Ljósmyndarafélag Íslands. Samstarfsaðilar: AP almannatengsl / AP sýningar. ÍSMÓT - Íslandsmeistaramót hársnyrta, snyrtifræðinga, gullsmíða, klæðskera og ljósmyndara innan Samtaka iðnaðarins er ráðgerður viðburður á tveggja ára fresti í tengslum við evrópsk og alþjóðleg fagfélög. Hugmyndin er að stofna til landslids verðlaunahafa sem boðið verður að taka þátt í alþjóðlegum mótum. Enskt vinnuheiti mótsins er ISMOT - The Icelandic Skills Competition, c/o Federation of Icelandic Industries.


Viðburðir:**Heimspæktir fagmenn flytja fyrirlestra og halda námskeið**

Í tengslum við ÍSMÓT 2007 er ráðgert að halda fjölmarga áhugaverða viðburði sem eingöngu eru ætlaðir félagsmönnum SI og aðildarfélögum þess. Meðal annarra koma til landsins heimspæktir fagmenn sem flytja spennandi fyrirlestra og fagleg námskeið.

 Ráðstefnur, fyrirlestrar, fundir og námskeið	Stund
Á dagskrá laugardaginn 1. sept.:	
How to be a Fantastic Professional - Michael Cole - Fyrirlestur sem enginn í þjónustuiðngreinum innan SI má að missa af - Aðeins fyrir félagsmenn!	10:00-12:00
Á dagskrá sunnudaginn 2. sept.:	
Aðalfundur Ljósmyndarafélags Íslands - Hefðbundin aðalfundarstörf	10:00-12:00
TRAIN THE TRAINER - Education with Joakim Ross - Heilsdags námskeið	10:00-17:00
Á dagskrá mánudaginn 3. sept.:	
Námskeið fyrir fagfólk í hársnyrtingu - Michael Cole	Væntani
Námskeið fyrir fagfólk í hársnyrtingu - Joakim Ross	Væntani
Í deiglu:	
Fleiri dagskrárlíðir eru væntanlegir frá FÍSF, FÍG, KK og LÍ	

Sviðssýningar:**Lifandi og spennandi dagskrá fagfólks á heimsmælikvarða**

Í nokkrum greinum verður keppt á staðnum og tilteknir sviðspallar hafa verið bókaðir af því tilefni. Tískuteymin koma fram með stórglæsilega sýningu á íslenski hönnun og framleiðslu - og heimspæktir fagmenn sýna allt það nýjasta úr heimi hártískunnar svo að dæmi séu tekin. Sannarlega lifandi og skemmtileg dagskrá fagfólks - alla helgina.

 Sviðssýningar	Staður
> Keppnir á sviði laugardaginn 1. sept.:	
Nordic Youth Skills 2007 - Ungliði ársins í hársnyrtingu (MH)	Svið-1
Hársýning Joakim Ross (MH)	Aðalsvið
Litakeppnir - á vegum umboðsaðila (MH)	Svið-2
Handsnyrting (FÍSF)	Svið-3
Litun og plokkun (FÍSF)	Svið-3
Andlitsmeðferð (FÍSF)	Svið-3
Hönnunarkerppni nemenda á list- og verkmenntabrautum - Sviðssýning nemenda með módelum (KK)	Aðalsvið
Tískuteymi ársins - Sviðssýning Tískuteyma SI (KK)	Aðalsvið
> Keppnir á sviði sunnudaginn 2. sept.:	
Litakeppnir - á vegum umboðsaðila (MH)	Svið-2
Hönnunarkerppni nemenda á list- og verkmenntabrautum - Sviðssýning nemenda með módelum (KK)	Aðalsvið
Hár á heimsmælikvarða - Rudy Mostada - Stórkostleg sviðssýning (MH)	Aðalsvið
Tískuteymi ársins - Sviðssýning Tískuteyma SI (KK)	Aðalsvið

Sérsýningar:**Glæsileg sýning á innsendum verkum keppenda**

Keppendur í tíu keppnisgreinum skila efni (texta, ljósmynd og/eða grip) fyrirfram, skv. tilgreindum skilátíma hverju sinni. Þegar skilafrestur er liðinn hefja dómnefndir störf og mótshaldarar geta hafið undirbúning sýningasvæða með verkum keppenda. Öll innsend verk, sem standast tilgreindar keppnisreglur, verða til sýnis alla helgina á ÍSMÓTI 2007 en dómnefndir ljúka störfum á sýningunni sunnudaginn 2. september. Sú hugmynd hefur komið upp að veita gestum á ÍSMÓTI 2007 tækifæri til að bjóða í verk keppenda í sumum keppnisgreinum á staðnum. Sú hugmynd er enn á vinnslustigi en nánari fréttir er að vænta innan skamms.

 Sýningar svæði með verkum keppenda:	Stund
Hársnyrtir ársins - Sýning á innsendum ljósmyndum (MH)	Fös-Sun
Nýliði ársins - Sýning á innsendum ljósmyndum (MH)	Fös-Sun
Listsköpun í hári - Sýning á innsendum ljósmyndum (MH)	Fös-Sun
Snyrtifræðingur ársins - Tilnefningar	Fös-Sun
Skartgripur ársins - Sýning á innsendum skartgripum (FÍG)	Fös-Sun
Hönnunarkerppni nemenda á list- og verkmenntabrautum - Sýningarþjöld með verkum nemenda (KK)	Fös-Sun
Tískuteymi ársins - Sýning á innsendum ljósmyndum (SI)	Fös-Sun
Ljósmynd ársins - Sýning á innsendum ljósmyndum (LÍ)	Fös-Sun
Ljósmyndari ársins - Tilnefningar	Fös-Sun
Stofur ársins - Tilnefningar	Fös-Sun

Viðburðadagskrá ÍSMÓTS er í mótun og því eru upplýsingar birtar með fyrirvara um breytingar

Hársnyrting:**Hársnyrtir ársins, Nýliði ársins, Nordic Youth Skills 2007, Listsköpun í hári, Tískuteymi ársins og Hársnyrtistofa ársins**

Keppni á vegum Meistarafélags í hárgreiðslu - í samvinnu við SI og fagfélög í þjónustuiðngreinum

Á ÍSMÓTI 2007

verður haldin

glæsileg keppni

meistara, sveina

og nema í hárs-

nyrtið.

Meistarafélag í

hárgreiðslu hefur

veg og vanda af skipulagi keppinnar, í

samvinnu við SI og fagfélög þess í þjón-

ustuiðngreinum. Að auki verður félagið

gestgjafi fyrstu Norðurlandakeppni ung-

liða í hársnyrtingu sem ber heitið Nordic

Youth Skills 2007.



Þátttökuskráning fer fram á
www.si.is/ismot
og þar eru birtar nánari upplýsingar
um einstaka keppnisgreinar

HÁRSNYRTING	Stutt lýsing	Skilátími
Hársnyrtir ársins - Hairdresser of the Year	Módelkeppni / myndasýning - Ljósmynd* skilað inn í samvinnu við fagljósmyndara	10. ágúst + Sýning á staðnum
Nýliði ársins - Newcomer of the Year	Módelkeppni / myndasýning - Ljósmynd* skilað inn í samvinnu við fagljósmyndara	10. ágúst + Sýning á staðnum
Nordic Youth Skills 2007 - Ungliði ársins (28 ára og yngri)	Keppt á staðnum - Tvær gínur á hvern keppanda	Keppt og sýning á staðnum
Listsköpun í hári - Avant Garde of the Year	Módelkeppni / myndasýning - Ljósmynd* skilað inn í samvinnu við fagljósmyndara	10. ágúst + Sýning á staðnum
Hársnyrtistofur taka einnig þátt í keppni um:	- Tískuteymi ársins - Hársnyrtistofa ársins	Sjá tiltekna flokka
Hársnyrtar taka einnig þátt í:	- Litakeppnir umboðsaðila	Sjá tiltekinn flokk

* Fagljósmyndarar í Ljósmyndarafélagi Íslands bjóða samvinnu um myndatökur fyrir hverja keppni. Allar ljósmyndir í öllum keppnisgreinum þurfa að standast kröfur um myndgæði og stærð skv. keppnisreglum og vera hæfar til hágæðaprentunar og birtingar í fjölmiðlum. SI áskilja sér rétt til að birta innsent myndefni að vild.

Aðilum er bent á að hafa samband við eftirtalda fulltrúa í undirbúningsnefnd:

Nafn:	Netfang:	Sími-1:	Sími-2:
Jónína S. Snorradóttir	hofudlausnir@hofudlausnir.is	567 6330	899 6331
Sigrún K. Ægisdóttir	harsaga@harsaga.is	552 1690	896 8562
Starfshópur MH			
Gunnilla Anderson Gustafsson	Fltr. Nordic Youth Skills		

Snyrting:**Handsnyrting, Litun og plokkun, Andlitsmeðferð, Snyrtifræðingur ársins, Tískuteymi ársins og Snyrtistofa ársins**

Keppni á vegum Félags íslenskra snyrtifræðinga - í samvinnu við SI og fagfélög í þjónustuiðngreinum

Á ÍSMÓTI 2007 fer

fram glæsileg

keppni meistara

og sveina í snyrti-

ið. Félag ís-

lenskra snyrti-

fræðinga hefur

veg og vanda af skipulagi keppinnar, í

samvinnu við SI og fagfélög þess í

þjónustuiðngreinum.



Þátttökuskráning fer fram á
www.si.is/ismot
og þar eru birtar nánari upplýsingar
um einstaka keppnisgreinar

SNYRTING	Stutt lýsing	Skilátími
Handsnyrting - með lökkun	Módelkeppni á staðnum	Keppt á staðnum
Litun og plokkun	Módelkeppni á staðnum	Keppt á staðnum
Andlitsmeðferð - með yfirborðshreinsun, nuddi og maska	Módelkeppni á staðnum	Keppt á staðnum
Snyrtifræðingur ársins	Tilnefning á tilteknu skýrsluformi	17. ágúst
Snyrtistofur taka einnig þátt í keppni um:	- Tískuteymi ársins - Snyrtistofa ársins	

Aðilum er bent á að hafa samband við eftirtalda fulltrúa í undirbúningsnefnd:

Nafn:	Netfang:	Sími-1:	Sími-2:
Hildur Erna Ingadóttir	hilduri@internet.is	861 8092	585 7900
Anna María Jónsdóttir	spa@centrum.is	533 1177	893 2122
Starfshópur FÍSF			

Meistarar, sveinar og namar, þar sem það á við, eru eindregið hvattir til að taka þátt í keppnisgreinum á ÍSMÓTI 2007. Skráning fer fram á www.si.is/ismot og að auki eru þar birtar nánari upplýsingar um hverja keppni, reglur þess og skilátíma.

Íslenskar hársnyrtistofur á heimsmælikvarða

Hársnyrtistofa ársins 2007 hlýtur m.a. í verðlaun tilnefningu Meistarafélagsins í hárgreiðslu til þátttöku í alþjóðlegu verðlaunahátíð hársnyrtigeirans; Global Salon Business Forum & Awards, sem fram fer í Hollywood á næsta ári. Það þykir mikill heiður að hljóta tilnefningu á þessa alþjóðu verðlaunahátíð enda má segja hún sé nokkurs konar Óskarsverðlaunahátíð hársnyrtifólksins í heiminum. Þess má geta að hársnyrtistofurnar Hársaga, Korner, Salon VEH og Krista hafa áður verið tilnefndar og hlotið viðurkenningar og verðlaun á Global Salon Awards.

Meistarafélagið, í samvinnu við Samtök iðnaðarins, munu aðstoða verðlaunahafann við undirbúning og frágang efnis sem skila þarf inn, í kjölfar úrslita á ÍSMÓTI. Sjá nánar um keppnina Hársnyrtistofa ársins á www.si.is/ismot.



Hársnyrtir ársins 2007 í Svíþjóð vann með 60' hárgreiðslu

Hársnyrtir(ar) ársins 2007 í Svíþjóð unnu með þessari nýju útfærslu af 60's hárgreiðslu. Daniel Scott hársnyrtir klippti og Josefin Gligic sá um litun. Þau starfa bæði hjá Toni & Guy í Gautaborg. Myndina tók Per Olsson fyrir tímaritið Tidning- en Frisör. Sjá nánar um keppnina Hársnyrtir ársins á www.si.is/ismot.

SALON INDUSTRY LEADERS TOGETHER SUPPORTING OUR BUSINESS

Nominations Open August 15, 2007

*Inspiration
Education
Recognition*



VISIT WWW.SALONBUSINESSAWARDS.COM
FOR DETAILS AND SPONSORSHIP INFORMATION

Gullsmíði:**Skartgripur ársins - fyrir dömur og herra, Tískuteymi ársins og Skartgripaverslun ársins**

Keppni á vegum Félags íslenskra gullsmíða - í samvinnu við SI og fagfélög í þjónustuiðngreinum

Á ÍSMÓTI 2007 verður glæsileg keppni gullsmíða um hönnun og smíði á Skartgrip ársins - fyrir dömur annars vegar og herra hins vegar.

Að auki býðst gullsmíðum að taka þátt í keppni um Tískuteymi ársins og Skartgripaverslun ársins. Félag íslenskra gullsmíða hefur veg og vanda af skipulagi keppinnar, í samvinnu við SI og fagfélög þess í þjónustuiðngreinum.



 GULLSMÍÐI	Stutt lýsing	Skilátími
Skartgripur ársins - fyrir dömur	Módelkeppni / sýning - Ljósmynd* skilað inn í samvinnu við fagljósmyndara og sýning / keppni á staðnum	10. ág. + Sýning á staðnum
Skartgripur ársins - fyrir herra	Módelkeppni / sýning - Ljósmynd* skilað inn í samvinnu við fagljósmyndara og sýning / keppni á staðnum	10. ág. + Sýning á staðnum
Gullsmíðir taka einnig þátt í keppni um:	- Tískuteymi ársins - Skartgripaverslun ársins	

* Fagljósmyndarar í Ljósmyndarafélagi Íslands bjóða samvinnu um myndatökur fyrir hverja keppni. Allar ljósmyndir í öllum keppnisgreinum þurfa að standast kröfur um myndgæði og stærð skv. keppnisreglum og vera hæfar til hágæðaprentunar og birtingar í fjölmiðlum. SI áskilja sér rétt til að birta innsent myndefni að vild.

Þátttökuskráning fer fram á

www.si.is/ismot

og þar eru birtar nánari upplýsingar um einstaka keppnisgreinar

Aðilum er bent á að hafa samband við eftirtalda fulltrúa í undirbúningsnefnd:

Nafn:	Netfang:	Sími-1:	Sími-2:
Haukur Valdimarsson	carat@carat.is	577 7740	861 4929
Kjartan Örn Kjartansson	flinkari@mi.is	663 3607	
Halla Bogadóttir	hallaboga@simnet.is	661 7797	

Klæðskurður:**Klæðskeri eða Kjólameistari ársins, Tískuteymi ársins og Saumastofa ársins**

Keppni meistara og sveina í klæðskurði og kjólasami á vegum Klæðskera- og kjólameistarafélagsins - í samvinnu við SI og fagfélög í þjónustuiðngreinum

Á ÍSMÓTI 2007 verður haldin glæsileg keppni og sýning fagfólks í þjónustuiðngreinum um titilinn Tískuteymi ársins - en í slíkri teymisvinnu gegna félagar í KK oftast lykilhlutverki. Úrslit í þeim flokki veita jafnframt viðkomandi fagmanni nafnbótina Klæðskeri eða Kjólameistari ársins 2007. Félögum í KK býðst einnig að taka þátt í keppni um Saumastofu ársins - og í samvinnu við skólana verður haldin skemmtileg hönnunarkkeppni og sýning nemenda á list- og verkmenntabrautum. Klæðskera- og kjólameistarafélagið hefur veg og vanda af skipulagi keppinnar í samvinnu við SI og fagfélög þess í þjónustuiðngreinum.



 KLÆÐSKURÐUR	Stutt lýsing	Skilátími
Klæðskeri og/eða kjólameistari ársins	Hluti af keppni Tískuteyma SI - Sjá nánar um Tískuteymin	Sjá tilgr. flokk
TÍMAVÉLIN - Hönnunarkkeppni nemenda á list- og verkmenntabrautum	Módelkeppni og sýning á staðnum - Frjálst viðfangsefni	Keppt á staðnum
Klæðskerar og kjólameistarar taka einnig þátt í keppni um:	- Saumastofu ársins	Sjá flokk: Stofur ársins

Aðilum er bent á að hafa samband við eftirtalda fulltrúa í undirbúningsnefnd:

Nafn:	Netfang:	Sími-1:	Sími-2:
Selma Ragnarsdóttir	selmar@internet.is	899 2808	
Hólmfríður Ólafsdóttir	hofyolafs@hotmail.com	698 1778	

Þátttökuskráning fer fram á

www.si.is/ismot

og þar eru birtar nánari upplýsingar um einstaka keppnisgreinar

Meistarar, sveinar og nemar, þar sem það á við, eru eindregið hvattir til að taka þátt í keppnisgreinum á ÍSMÓTI 2007. Skráning fer fram á www.si.is/ismot og að auki eru þar birtar nánari upplýsingar um hverja keppni, reglur þess og skilátíma.

Fagleg og lögleg

þjónusta
í boði



Löggild menntun snyrtifræðinga tryggir þér fagmennsku í snyrtingu og förðun og rétta og örugga húðmeðferð.

Þú finnur snyrtifræðinga í Félagi íslenskra snyrtifræðinga um land allt á Meistarinn.is



*Félag íslenskra
snyrtifræðinga*

Ljósmyndun:**Ljósmynd ársins, Ljósmyndari ársins, Tískuteymi ársins, Ljósmyndastofa ársins - og samvinna um myndatökur fyrir aðrar keppnisgreinar****Keppni á vegum Ljósmyndarafélags Íslands - í samvinnu við SI og fagfélög í þjónustuiðngreinum**

Á ÍSMÓTI 2007

verður haldin glæsileg keppni meðal fagljósmyndara um Ljósmynd ársins.

Viðfangsefnið er

frjálst - en þó má búast við að myndum verði skipt í eftirfarandi flokka: Andlitsmyndir, Landslag, Arkitektúr og Auglýsinga- og iðnaðarljósmyndun. Jafnframt verður Ljósmyndari ársins tilnefndur - og valinn af aðaldómnefnd á ÍSMÓTI 2007 - í samræmi við myndefni sitt, samvinnu og framlag til keppni á mótinu. Ljósmyndurum býðst að taka þátt í keppni um Ljósmyndastofu ársins - og að auki um Tískuteymi ársins. Ljósmyndarafélag Íslands hefur veg og vanda af skipulagi keppinnar, í samvinnu við SI og fagfélög þess í þjónustuiðngreinum. Athygli ljósmyndara er vakin á að skrá sig hið allra fyrsta á lista yfir hugsanlega samstarfsaðila fyrir aðra keppendur og keppnisgreinar á ÍSMÓTI 2007.

Í mörgum tilvikum krefjast skipuleggjendur mótsins þess að ljósmyndum af módelum og/eða gripum sé skilað inn í fullri samvinnu við fagljósmyndara innan LÍ. Umræddur listi er birtur á tilteknu vefsvæði á www.si.is/ismot - öðrum keppendum til hagræðis við val á ljósmyndara.


LJÓSMYNDARA
FÉLAG
ÍSLANDS



 LJÓSMYNDUN	Stutt lýsing	Skilátími
Ljósmynd ársins	Landskeppni fagljósmyndara í portrett, landslagi, arkitektúr, auglýsingum og iðnaði - Frjálst viðfangsefni	10. ág. + sýning á staðnum
Ljósmyndari ársins	Myndefni ljósmyndarans, samvinna hans og framlag í keppni þjónustuiðngreina á ÍSMÓTI 2007 mun ráða vali dómnefndar	Úrslit kynnt á staðnum
* Hársnyrtir ársins	Ljósmyndun á módeli - fyrir og eftir	10. ágúst
* Nýliði ársins	Ljósmyndun á módeli - fyrir og eftir	10. ágúst
* Listsköpun í hári	Ljósmyndun á módeli - fyrir og eftir	10. ágúst
* Skartgripur ársins	Ljósmyndun á módeli + nærmyndir af skarti	10. ágúst
* Tískuteymi ársins	Ljósmyndun á módeli + nærmyndir	10. ágúst
Ljósmyndarar taka einnig þátt í keppni um:	- Tískuteymi ársins - Ljósmyndastofa ársins	

* Fagljósmyndarar í Ljósmyndarafélagi Íslands bjóða samvinnu um myndatökur fyrir hverja keppni. Allar ljósmyndir í öllum keppnisgreinum þurfa að standast kröfur um myndgæði og stærð skv. keppnisreglum og vera hæfar til hágæðaprentunar og birtingar í fjölmiðlum. SI áskilja sér rétt til að birta innsent myndefni að vild.

Þátttökuskráning fer fram á

www.si.is/ismot

og þar eru birtar nánari upplýsingar um einstaka keppnisgreinar

Aðilum er bent á að hafa samband við eftirtalda fulltrúa í undirbúningsnefnd:

Nafn:	Netfang:	Sími-1:	Sími-2:
Gunnar L. Jónasson	gunnar@ljosmyndir.net	897 0644	
Unnur Ólöf Matthíasdóttir	svarthvitt@internet.is	696 3872	517 1166
Lárus Karl Ingason	ljosmynd@itn.is	893 5664	555 4989



Meistarar, sveinar og namar, þar sem það á við, eru eindregið hvattir til að taka þátt í keppnisgreinum á ÍSMÓTI 2007. Skráning fer fram á www.si.is/ismot og að auki eru þar birtar nánari upplýsingar um hverja keppni, reglur þess og skilátíma.

Tískuteymi-SI: Tískuteymi ársins - fagmennska í tísku

Keppni á vegum Samtaka iðnaðarins - í samvinnu við fagfélög í þjónustuiðngreinum og íslenska framleiðendur

Undanfarin fjögur ár hafa Tískuteymi-SI vakið töluverða athygli þegar þau hafa veitt þjóðþekktum Íslendingum faglega meðferð frá hvirfli til ilja. Tískuteymin eru skipuð fagfólki í þjónustuiðngreinum innan SI. Tískuteymi eru mynduð að eigin frumkvæði fagfólks innan SI og/eða aðildarfélaga þess. Skilyrðið er að í hverju teymi sé a.m.k. einn fullgildur félagsmaður úr hverju fagfélagi á ÍSMÓTI 2007 og að viðkomandi eigi aðild að SI. Í því felst að teymi telst löglegt þegar þar eru eftirtaldir félagsmenn SI:

- Klæðskeri eða kjólameistari í KK
- Gullsmiður í FÍG
- Hársnyrtir í MH
- Snyrtifræðingur í FÍSF
- Ljósmyndari í LÍ

Íslenskum framleiðendum innan SI er frjálst að taka þátt í Tískuteyminum og/eða stofna sitt eigið teymi - svo framarlega sem þar er að finna fyrrgreint fagfólk innan vébanda SI og aðildarfélaga þess.

Skráning keppenda er hafin

Fagfólk í þjónustuiðngreinum er eindregið hvatt til að taka þátt í keppninni um Tískuteymi ársins á ÍSMÓTI 2007. Skráning fer fram á vefnum og að auki eru þar birtar nánari upplýsingar um keppnina, reglur hennar og skilátíma.



Valgerður Sverrisdóttir, fv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, varð fyrst allra til að hljóta heildræna meðferð Tískuteymis-SI í tengslum við Tískudaga iðnaðarins haustið 2003. Vakti framlag hennar að vonum mikla athygli á fagmennsku þjónustuiðngreina SI.



Í október sl. vöktu Tískuteymi-SI gríðarlega athygli fjölmiðla og almennings þegar alls níu þingkonur stigu fram í sviðsljósið eftir heildræna meðferð fagfólks teymanna.

TÍSKUTEYMI ÁRSINS	Stutt lýsing	Skilátími
Tískuteymi ársins	Módelkeppni og sýning á staðnum - Ljósmynd* skilað inn í samvinnu við fagljósmyndara og sýning / keppni á staðnum - Frjálst viðfangsefni	10. ág. + Sýning á staðnum
Teymi I	Í forsvari: Selma Ragnarsdóttir klæðskeri og kjólameistari. Nöfn í teymi verða birt innan skamms.	
Teymi II	Í forsvari: Edda Hrönn Atladóttir, Leðuriðjunn Atson. Nöfn í teymi verða birt innan skamms.	
Teymi III	Nöfn verða birt innan skamms	
Fleiri teymi eru væntanleg		

Aðilum er bent á að hafa samband við eftirtalda fulltrúa í undirbúningsnefnd:

Nafn:	Netfang:	Sími-1:	Sími-2:
Selma Ragnarsdóttir	selmar@internet.is	899 2808	
Edda Hrönn Atladóttir	edda@atson.is	561 0060	699 6029



Sumarið 2005 tóku sex Tískuteymi-SI sex þjóðþekktu Íslendinga í heildræna meðferð í samvinnu við Morgunblaðið, og var útkoman glæsileg í alla staði.

Litunarkeppni:**Hárlitun ársins, Hárlitur ársins - Litunarkeppni umboðsaðila****Keppni umboðsaðila í hársnyrtiðin - í samvinnu við Meistarafélagið í hárgreiðslu og SI**

Á ÍSMÓTI 2007 er umboðsaðilum boðið að halda litunarkeppni á staðnum þar sem keppt verður í hárlitun - í samvinnu við skipuleggjendur mótsins. Keppt verður til úrslita á milli sigurvegara hvernar keppni umboðsaðila um Litun og Lit ársins.

Skráning umboðsaðila er hafin

Umboðsaðilar eru eindregið hvattir til að skipuleggja litunarkeppni á ÍSMÓTI 2007 í samvinnu við Meistarafélagið í hárgreiðslu og Samtök iðnaðarins. Skráning fer fram á vefnum og að auki verða birtar nánari upplýsingar um hverja keppni, reglur hennar og skilatíma.

Dómnafnd er skipuð innlendu og erlendu fagfólki ásamt fulltrúum sveinsprófsnefndar, skóla og atvinnulífs. Leitað verður til valinkunns fólks sem hefur mikla reynslu og þekkingu á sínu sviði.

Stofur ársins:**Stofur ársins - í tiltekinni þjónustuiðngrein****Í fyrsta sinn á Íslandi er efnt til samkeppni, meðal fyrirtækja innan SI og aðildarféлага, þar sem keppt er um titilinn "Stofa ársins" í tiltekinni iðngrein.**

Hugmyndin er fengið að erlendri fyrir mynd þar sem er boðið að skila inn ákveðnum upplýsingum á skýrsluformi um rekstur fyrirtækisins, ímynd þess, markaðssetningu, samskipti, nýsköpun og framtíðarsýn.


Sendu þarf inn stuttan og hnitmiðaða texta um stofuna, ásamt nokkrum vel völdum ljósmyndum, og mun dómnafnd meta gögnin út frá eftirfarandi lykilþáttum:

- Heildarmyndin, ímynd og umgjörð stofunnar
- Markaðssetning stofunnar

 LITIR ÁRSINS	Stutt lýsing	Skilatími
Litakeppni umboðsaðila:	Umboðsaðilum er boðið að halda litakeppni á staðnum - og keppa til úrslita um litun og lit ársins	-
- Hárlitun með INDOLA	Módelkeppni á staðnum - á vegum heildverslunarinnar Aría	Keppt á staðnum
- Hárlitun með JOICO	Módelkeppni á staðnum - á vegum Árgerðis ehf. umboðs- og heildverslunar	Keppt á staðnum
- Hárlitun með Z-ONE	Módelkeppni á staðnum - á vegum ISON heildverslunar	Keppt á staðnum
- ÚRSLITAKEPPNI ÍSMÓTS	Sigurvegarar litakeppna umboðsaðila keppa til úrslita um Litun / Lit ársins 2007	Keppt á staðnum
- Fleiri umboð væntanleg		

Aðilum er bent á að hafa samband við eftirtalda fulltrúa MH í undirbúningsnefnd:

Nafn:	Netfang:	Sími-1:	Sími-2:
Jónína S. Snorradóttir	hofudlausnir@hofudlausnir.is	567 6330	899 6331
Sigrún K. Ægisdóttir	harsaga@harsaga.is	552 1690	896 8562

 STOFUR ÁRSINS	Stutt lýsing	Skilatími
Hársnyrtistofa ársins	Tilnefning á tilteknu skýrsluformi	17. ágúst
Snyrtistofa ársins	Tilnefning á tilteknu skýrsluformi	17. ágúst
Skartgripaverslun ársins	Tilnefning á tilteknu skýrsluformi	17. ágúst
Saumastofa ársins	Tilnefning á tilteknu skýrsluformi	17. ágúst
Ljósmyndastofa ársins	Tilnefning á tilteknu skýrsluformi	17. ágúst

- Samskipti, tækni og viðmót
 - Nýsköpun og framtíðarsýn
 - Ljósmyndir af stofunni
- Stofur ársins í hverri grein hljóta eftirsóttu viðurkenningu dómnafndar sem skipuð verður þrautreyndu fagfólki úr íslensku athafna- og viðskiptalífi, og að auki mun m.a. Meistarafélagið í hárgreiðslu tilnefna Hársnyrtistofu ársins

2007 til viðurkenningar og verðlauna á alþjóðlegu verðlaunahátíðinni Global Salon Awards, sem fram fer í Hollywood á næsta ári.



Verður þín stofa Stofa ársins 2007?
Sendu inn þitt framlag í keppnina um Stofu ársins. Mat dómnafndar byggir á innsendu efni, texta og ljósmyndum um þína stofu og þína sýn.
Láttu slag standa og taktu þátt!

Sýning sem skapa mun ný viðmið

Glæsileiki, fegurð, hönnun, tíska, heilsa og vellíðan í fyrirrúmi

Fagfólki og almenningi er boðið að koma á ÍSMÓT og fylgjast með spennandi keppni meðal meistara, sveina og nema í þjónustuiðgreinum innan SI - og um leið kynnst því nýjasta og besta í hönnun og tísku og því sem máli skiptir fyrir góða heilsu og vellíðan. ÍSMÓT er

því tilvalinn vettvangur til að kynna og selja vöru og þjónustu, efla viðskipta tengsl og byggja upp jákvæða mynd.

Enginn aðgangseyrir er fyrirhugaður og má af þeim sökum búast við töluverðri aðsókn á ÍSMÓT - aðsókn sem hlaupið gæti á tugum þúsunda gesta.

Væntanlegum sýndendum er bent á að hafa samband við AP-sýningar í síma 511 1230, netfang ismot@app.is, varðandi nánari upplýsingar og bókanir á sýningarplássi.



Skipulagsteikning sýningarvæðis ÍSMÓTS 2007 dags. 3. júlí sl. Teikningin tekur breytingum daglega og er uppfærð á vefnum eins oft og frekast er kostur. Birt með fyrirvara um breytingar og allur réttur áskilinn.

Samtök iðnaðarins UM MENNTUN OG MANNAUÐ

Mannauð fyrirtækja þarf að efla með öllum ráðum, ekki síst í gegnum menntakerfið sem er meginuppspretta þess auðs. Auka verður þátt atvinnulífsins í stjórnun skóla sem sinna þörfum þess fyrir menntaða starfsmenn. Í því felst sameiginlegur ávinningur stjórnvalda, atvinnulífs, skóla og nemenda.

Úr ályktun Iðþings 2007.

SI

Samtök iðnaðarins

